

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis

Selfoss 1. mars 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórnskipunarlög (kosningaaldur), 188. Mál.

Við lýsum yfir fullum stuðningi við þetta lagafrumvarp.

Við viljum lækka kosningaaldur til að styðja við lýðræðisþátttöku ungs fólks og auka tækifæri þess til að hafa áhrif á samfélagið sem virkir og ábyrgir þátttakendur. Með því að lækka kosningaaldur í 16 ár nær kosningarrétturinn til tveggja árganga fólks sem enn nýtur verndar barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Það að þau megi kjósa er í anda barnasáttmálans sem tryggir börnum rétt til að tjá skoðanir sínar í öllum málum er þau varða.

Kosningaþátttaka hjá fólki undir 40 ára er miklu lægri en hjá eldra fólki. Meðalaldur þjóðarinnar fer hækkandi og því skiptir máli að sem flestir kjósendur láti sig málefni ungs fólks varða og þar með málefni framtíðarinnar. Ótal samfélagshreyfingar undanfarin ár sýna það að ungt fólk vill breyta samfélaginu. Sem dæmi má nefna #FreeTheNipple, #ÉgErEkkiTabú og Loftslagsverkföllin. Stjórn málin þurfa að vera vettvangur fyrir þetta unga fólk.

Ríkið og sveitarfélög taka skatt af fólki frá 16 ára aldri án þess að þau hafi aðkomu að því að velja þá fulltrúa sem hafa með höndum ráðstöfun þess skattfjár. Þetta er með öllu óboðlegt í nútímasamfélagi. Nú er enginn af 63 Alþingismönnum undir 30 ára aldri.

Góð reynsla hefur verið af lækkun kosningaaldurs í öðrum löndum. Í Austurríki stórjók lækkun kosningaaldurs stjórn málaáhuga ungs fólks. Einnig er það sannað að kjósendur sem kjósa í fyrsta sinn 16 eða 17 ára eru líklegri til þess að kjósa í sínum fyrstu kosningum en 18 og 19 ára einstaklingar. 16 og 17 ára einstaklingar hafa einnig jafn mikinn áhuga á pólitík og eldra fólk, vita jafn mikið um pólitík og eldra fólk og eru jafn hæf til þess að kjósa. Með því að sýna ungu fólki að því sé treyst til að taka stórar ákvarðanir byggist vonandi upp gagnkvæmt traust á stjórn máluunum. Valdefling ungs fólks og aukinn þáttur þess í ákvarðanatöku er af hinu góða og þótt kosningaaldur sé engin stök töfralausn þá getur hann verið mikilvægur þáttur í átaki þess efnis.

Virðingarfyllst,
Ungmennaráð Sveitarfélagsins Árborgar